

Björgun ehf.
b.t. Gunnlaugs Kristjánssonar
forstjóra
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. mars 2009
Tilvísun: 2009020018
Bréfalykill: 22.12

Efni: Leyfi til efnistöku af hafsbótnei í Hvalfirði, við Brekkuböða, Laufagrunn og Kiðafell.

Þann 24. febrúar 2009 barst Orkustofnun umsókn Björgunar ehf., dags. s.d., um leyfi til efnistöku af hafsbótnei á þremur svæðum í Hvalfirði, við Brekkuböða, Laufagrunn og Kiðafell. Umsóknin byggir á ákvæðum laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbótneisins.

Með bréfum, dags. 25. febrúar 2009, sendi Orkustofnun umsókn Björgunar ehf. til umsagnar Umhverfisstofnunar, sem lögbundins umsagnaraðila, auk lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Hvalfjarðarsveitar, Kjósarhrepps, Reykjavíkurborgar (afgreitt af umhverfis- og samgöngusviði) og Siglingastofnunar Íslands. Með bréfum, dags. 26. febrúar 2009, sendi Orkustofnun umsókn Björgunar ehf. einnig til umsagnar Faxaflóahafna sf., Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Orkustofnun bárust umsagnir frá öllum framangreindum aðilum.

Orkustofnun hefur nú tekið umsóknina, ásamt umsögnum, til umfjöllunar með hliðsjón af matsskýrslu þeirri sem unnin hefur verið vegna efnistöku af hafsbótnei í Hvalfirði frá janúar 2009 og álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna sömu framkvæmda, dags. 25. febrúar 2009.

1. Dælingaraðferðir. Á bls. 1 og 32 í framangreindu álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að leyfi til nýtingar á efni af hafsbótnei í Hvalfirði næstu árin eigi m.a. að binda eftirfarandi skilyrði:

„2. Dæling af bótnei verði takmörkuð við holudælingu, en yfirborðsdæling ekki leyfð, til að lágmarka áhrif efnistöku á lífríki hafsbótneisins.“

Á bls. 12 í framangreindri matsskýrslu kemur fram að efnistaka fyrirtækisins í Hvalfirði hafi hingað til farið fram með holudælingu, en að nú sé fyrirhugað að beita yfirborðsdælingu á tveimur efnistökusvæðum, þ.e. við Laufagrunn (náma 2) og Hálsnes (náma 5).

Með hliðsjón af álitni Skipulagsstofnunar og umsögnum Umhverfisstofnunar (10. fylgiskjal), umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar (9. fylgiskjal) og Hafrannsóknastofnunarinnar (3. fylgiskjal) hefur Orkustofnun ákveðið að á

efnistökusvæðum við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell verði einungis leyfð holudæling, sbr. 1. gr. meðfylgjandi nýtingarleyfis (1. fylgiskjal).

2. Efnistökusvæði við Laufagrunn og Kiðafell. Á bls. 1 og 32 í framangreindu álit Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að leyfi til nýtingar á efni af hafsbotni í Hvalfirði næstu árin eigi m.a. að binda eftirfarandi skilyrðum:

„1. Efnistöku á Laufagrunni, við Kiðafell, Eyri og Hálsnes verði hagað á þann hátt að efni verði dælt af hafsbotni sem næst útmörkum viðkomandi efnistökusvæða, þ.e. næst miðju Hvalfjarðar, meðan beðið er eftir niðurstöðum rannsókna á lífríki og landbroti (sbr. liði 3 og 4).

3. Gerð verði rannsókn á lífríki á fyrirhuguðum efnistökusvæðum, sem miði að því að skýra gildi þeirra fyrir fiskigengd og flatfiskaungviði.

4. Fram fari reglubundin vöktun á landbroti á strandsvæðum við Laufagrunn, Kiðafell, Eyri og Hálsnes og niðurstöður vöktunarinnar kynntar hagsmunaaðilum.“

Þar sem að meðfylgjandi nýtingarleyfi (fylgiskjal 1) gildir einungis til 1. júní 2009, sér Orkustofnun ekki fram á, að á gildistíma leyfisins verði hægt að framkvæma þær lífríkisrannsóknir á fyrirhuguðum efnistökusvæðum, sem Skipulagsstofnun setur sem skilyrði í framangreindu álitu sínu (3. liður) og margir umsagnaraðilar leggja áherslu á að verði framkvæmdar, einkum og sér í lagi Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis og lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu. Vegna stutts gildistíma meðfylgjandi nýtingarleyfis telur Orkustofnun að ekki gefist kostur á að koma á reglubundinni vöktun á landbroti á strandsvæðum við Laufagrunn og Kiðafell eins og Skipulagsstofnun setur sem skilyrði í framangreindu álitu sínu (4. liður) og og margir umsagnaraðilar leggja áherslu á að verði komið á, einkum og sér í lagi Siglingastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

Með hliðsjón af álitu Skipulagsstofnunar og umsögnum Umhverfisstofnunar, umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, Siglingastofnun Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar, Kjósarhrepps og Hvalfjarðarsveitar hefur Orkustofnun ákveðið að þrengja mörk efnistökusvæðis við Laufagrunn. Leyfi er einungis veitt á þann hluta efnistökusvæðisins sem er fjærst landi, en hann afmarkast af hnitunum (staður) C, D, E, F, G, H, I, J og K í umsókn Björgunar ehf., sbr. einnig 2. gr. meðfylgjandi nýtingarleyfis (1. fylgiskjal). Á sömu forsendum hefur Orkustofnun ákveðið að þrengja mörk efnistökusvæðis við Kiðafell. Leyfi er einungis veitt á þann hluta efnistökusvæðisins sem er fjærst landi, en hann afmarkast af hnitunum (staður) A, B, C, D, E, F, G, H, I, J, K, G1, H1, J1, K1 og L1 í umsókn Björgunar ehf., sbr. einnig 2. gr. meðfylgjandi nýtingarleyfis

Með hliðsjón af framangreindri þrengingu marka efnistökusvæðis við Laufagrunn, og í samræmi við umsögn Hvalfjarðarsveitar (11. fylgiskjal), hefur Orkustofnun ákveðið að minnka leyft efnismagn af efnistökusvæði við Laufagrunn úr 75.000 m³ skv. umsókn Björgunar ehf., í allt að 60.000 m³, sbr. 1. gr. meðfylgjandi nýtingarleyfis (1. fylgiskjal). Á sömu forsendum hefur Orkustofnun ákveðið að minnka leyft efnismagn af efnistökusvæði við Kiðafell úr 80.000 m³ skv. umsókn Björgunar ehf., í allt að 65.000 m³, sbr. 1. gr. meðfylgjandi nýtingarleyfis

Með bréfi, dags. 13. mars 2009, veitti Orkustofnun Björgun ehf. tækifæri til þess að andmæla framangreindri ákvörðun. Svar barst samdægurs með tölvupósti frá Lex lögmannsstofu, f.h. Björgunar ehf. Verða andmæli þau sem þar er haldið uppi ekki rakin hér en Orkustofnun telur að Skipulagsstofnun hafi rúmar heimildir til þess að tilgreina frekari skilyrði og mótvægisáðgerðir í álitinu um mat á umhverfisáhrifum séu fullnægjandi rök færð fyrir þeim, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Orkustofnun hefur tekið afstöðu til þeirra skilyrða sem hér um ræðir með hliðsjón af umsögnum sem Orkustofnun bárust við meðferð málsins og vísar til þeirra umsagna til frekari rökstuðnings.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins sæta stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar samkvæmt lögunum kæru til iðnaðarráðherra og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls er tilkynnt um hana, sbr. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllt


Bryndís G. Róbertsdóttir
land- og jarðfræðingur


Valborg Steingrimsdóttir
lögfræðingur

Afrit sent til:

Iðnaðarráðuneytis
Skipulagsstofnunar
Faxaflóahafna sf.
Fiskistofu, lax- og silungsveiðisviðs
Fornleifaverndar ríkisins
Hafrannsóknastofnunarinnar
Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis
Heilbrigðiseftirlits Vesturlands
Hvalfjarðarsveitar
Kjósarhrepps
Reykjavíkurborgar
Reykjavíkurborgar, umhverfis- og samgöngusviðs
Siglingastofnunar Íslands
Umhverfisstofnunar

Fylgiskjöl:

1. Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði, við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell (ásamt þremur fylgiskjöllum).
2. Bréf Faxaflóahafna sf. til Orkustofnunar, dags. 2. mars 2009; umsögn um leyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði.
3. Bréf Hafrannsóknastofnunarinnar til Orkustofnunar, dags. 4. mars 2009; beiðni um umsögn um leyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði.
4. Bréf Siglingastofnunar Íslands til Orkustofnunar, dags. 4. mars 2009; efnistaka af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði: umsögn.
5. Bréf lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu til Orkustofnunar, dags. 5. mars 2009; varðar leyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell.
6. Bréf Fornleifaverndar ríkisins til Orkustofnunar, dags. 5. mars 2009; leyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði.

7. Tölvupóstur Kjósarhrepps til Orkustofnunar, þann 6. mars 2009; bráðabirgðaleyfi til efnistöku úr Hvalfirði.
8. Bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis til Orkustofnunar, dags. 9. mars 2009; umsögn um leyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði.
9. Bréf umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar til Orkustofnunar, dags. 9. mars 2009; umsögn vegna beiðni Björgunar ehf. um bráðabirgðanýtingarleyfi þriggja náma í Hvalfirði.
10. Bréf Umhverfisstofnunar til Orkustofnunar, dags. 9. mars 2009; bráðabirgðaleyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði: umsögn.
11. Bréf Hvalfjarðarsveitar til Orkustofnunar, þann 10. mars 2009; umsögn Hvalfjarðarsveitar varðandi leyfi til efnistöku við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði.
12. Tölvupóstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands til Orkustofnunar, þann 11. mars 2009; Hvalfjörður, malarnám, umsögn til Orkustofnunar vegna leyfisveitingar.

Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell

Í samræmi við 3. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins veitir Orkustofnun hér með Björgun ehf., kt. 460169-7399, Sævarhöfða 33, 110 Reykjavík, hér eftir nefnt leyfishafi, leyfi til töku efnis, sem nánar er tilgreint í 1. gr. þessa leyfis, á efnistökusvæðum, sem tilgreind eru í 2. gr., og á því tímabili, sem tilgreint er í 3. gr. leyfisins. Leyfið er gefið út til töku efnis sem m.a. á að nota til fyllinga í þilskurði við Vogabakka í Sundahöfn í Reykjavík og hugsanlega til fyllinga undir hafnargarð við Helguvík í Reykjanesbæ. Leyfið er gefið út með þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins svo og þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar Umhverfisstofnunar, Faxaflóahafna, lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Hvalfjarðar-sveitar, Kjósarhrepps, Reykjavíkurborgar (afgreitt af umhverfis- og samgöngusviði) og Siglingastofnunar Íslands.

1. gr.

Almennt

Leyfið tekur til töku malar og sands af hafsbotni og takmarkast við allt að 210.000 rúmmetra efnis á efnistökusvæði við Brekkuboða, allt að 60.000 rúmmetra á efnistökusvæði við Laufagrunn og allt að 65.000 rúmmetra á efnistökusvæði við Kiðafell, sbr. 2. gr. leyfisins. Rúmmál efnisins skal mælt við uppdælingu þess. Einungis er leyfð holudæling á efnistökusvæðunum þremur, sbr. 2. gr. leyfisins.

2. gr.

Efnistökusvæði

Leyfið tekur til efnistöku af hafsbotni á þremur svæðum í Hvalfirði, við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell. Efnistökusvæðin eru merkt inn á þrjú meðfylgjandi kort (fylgiskjal 1-3), sem teljast til hluta leyfisins, og afmarkast af eftirfarandi hnítum (ÍSN93):

Brekkuboði	X _(ÍSN93)	Y _(ÍSN93)
A	359370,8	422820,3
B	359730,3	422806,9
C	360048,4	422724,5
D	360026,7	422572,6
E	359680,8	422303,7
F	359362,9	422295,4

Laufagrunn	$X_{(iSN93)}$	$Y_{(iSN93)}$
C	361909	424669
D	361784	424951
E	362639	425388
F	362833	425551
G	363019	425948
H	363293	425950
I	363258	425753
J	363100	425401
K	363165	425278

Kiðafell	$X_{(iSN93)}$	$Y_{(iSN93)}$
A	362953	425958
B	363069	426152
C	363828	426903
D	364035	427313
E	364047	427711
F	364102	428020
G	364176	428154
H	364455	427862
I	364341	427579
J	364457	427398
K	365550	427469
G1	364552	426953
H1	364341	426847
J1	364236	426725
K1	364166	426580
L1	364146	426477

3. gr.

Gildistími

Leyfi þetta gildir frá dagsetningu undirritunar þess til 1. júní 2009. Leyfið er ekki sérleyfi og takmarkar ekki rétt Orkustofnunar til að veita öðrum leyfi til leitar eða efnistöku á sama svæði á gildistíma leyfisins eða síðar.

Nó

4. gr.

Eftirlit

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd efnistökkunnar samkvæmt leyfi þessu. Orkustofnun hefur rétt til að fylgjast með efnistökkunni í alla staði og fá allar upplýsingar sem viðkoma henni og skal hafa aðgang að öllum þáttum þeirrar starfsemi sem efnistökkuna varðar.

Leyfishafi skal aðstoða við eftirlitið og veita aðgang að þeim gögnum sem snerta það með beinum hætti.

5. gr.

Upplýsingagjöf

Leyfishafi skal mánaðarlega senda Orkustofnun upplýsingar um það magn efnis sem tekið hefur verið.

6. gr.

Framsal

Leyfishafa er óheimilt að framselja, veðsetja, leigja eða láta af hendi til annarra rétt sinn samkvæmt leyfi þessu, að hluta til eða öllu leyti, án samþykkis Orkustofnunar.

7. gr.

Umhverfissjónarmið

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við efnistökkuna. Leyfishafi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Sérstaklega skal þess gætt að olía og önnur spilliefni fari ekki í sjó og skal leita heimildar annarra stjórnvalda um meðferð slíkra efna eins og við á.

Ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd gilda eftir því sem við á um efnistöku samkvæmt leyfi þessu.

8. gr.

Tillit til nýtingar og annarrar starfsemi

Leyfishafi skal við framkvæmdir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu og aðra starfsemi annarra aðila í nágrenni við efnistökusvæðið, taka tillit til og hafa samráð við þá aðila.

Leyfishafi skal við framkvæmdir í samræmi við leyfi þetta gæta þess að raska eigi neðansjávarköplum og öðrum lögnum.

9. gr.

Skaðabótaskylda

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem kann að hljóta af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins.

10. gr.

Afturköllun

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í því.

12

11. gr.

Leyfisgjald

Í samræmi við 36. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs skal leyfishafi greiða í ríkissjóð kr. 110.000. Greiðslan skal innt af hendi við móttöku leyfis þessa.


Orkustofnun, 16. mars 2009

f.h. orkumálastjóra


Láraus Olafsson
lögfræðingur

Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði

Brekkuboði - fylgiskjal 1



Handwritten signature

Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði

Laufagrunn - fylgiskjal 2



Handwritten signature

Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði

Kiðafell - fylgiskjal 3



Mælikvarði 1 : 20 000

Handwritten signature